



Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats Menntamálastofnunar sem framkvæmt var í apríl 2021

Inngangur

Í apríl 2021 gerðu matsaðilar frá Menntamálastofnun, fyrir hönd Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, úttekt á skólastarfinu í Fellaskóla. Úttektin er liður í ytra mati skóla og tilgangurinn með því er að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðslufirvöld, starfsfólk skóla, foreldra og nemendur. Einnig að tryggja að starfsemi skóla sér í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrá leik – grunn – og framhaldsskóla.

Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs. Það á að vera hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat skólans. Matið á jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Ytra matið byggir á viðmiðum um gæði í skólastarfi og skiptist í þrjá megin kafla; Stjórnun og fagleg forysta, Nám og kennsla og Innra mat.

Matsaðilar settu niðurstöður vettvangsathugana í skólanum fram í skýrslu sem birt var í maí 2021. Í skýrslunni eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og tilgreind tækifæri til umbóta í hverjum kafla fyrir sig. Skólastjórnendur kynntu niðurstöðurnar fyrir starfsfólki skólans á fundi í lok maí. Foreldrar fengu skýrslu matsaðila senda í pósti í maí og einnig fræðslufirvöld og sveitastjórn.

Fjölskylduráð Múlaþings ásamt fræðslufulltrúa og skólastjóra Fellaskóla fóru yfir skýrsluna í lok júní 2021.

Í umbótaáætlun skólans eru listuð upp þau tækifæri til umbóta sem lögð voru fram í matskýrslunni og þar sagt frá því hvernig og hvenær skólinn ætlar að vinna að umbótunum.

Við lítum á ábendingar til umbóta úr skýrslu ytra mats úttektaraðila sem tækifæri til að gera gott skólastarf enn betra og þökkum þeim Svanhildi Maríu Ólafsdóttur og Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur fyrir samstarfið og komuna til okkar.

Anna Birna Einarsdóttir
Skólastjóri Fellaskóla Múlaþingi

Svið I - Stjórnun og fagleg forysta

Umbætur	Aðgerðir	Upphaf	Lok	Ábyrgð	Endurmat
Ljúka við endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar út frá stefnu skólans og viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla.	Stefna skólans og viðmið voru rædd á síðasta kennarafundinum í maí. Þar voru niðurstöður ytra mats kynntar kennurum og áherslur og stefna skólans rædd. Með þessar vangaveltur í farteskinu vinnur skólastjóri í skólanámskrá í maí og júní.	maí 2021	ágúst 2021	Skólastjóri	Rýnihópur fer yfir skólanámskrá og starfsáætlun og athugar hvort þar er að finna allar þær upplýsingar sem eiga að vera samkvæmt aðalnámskrá.
Skilgreina hvaða þættir eiga að vera í starfsáætlun og hvaða þættir í skólanámskrá.	Skólastjóri vinnur þetta með hliðsjón af því sem stendur í aðalnámskrá grunnskóla um hvað eigi að vera hvar.	júní 2021	júní 2021	Skólastjóri	Borið undir skólaráð í október og lagfært að því loknu.
Ljúka við tilskildar áætlanir samkvæmt lögum og reglugerðum.	Skólastjóri vinnur áætlanir samkvæmt lögum og reglugerðum og ber þær undir rýnihópa kennara á kennarafundi	júní 2021	desember 2021	Skólastjórnendur	Skólastjóri lagfærir áætlanir þegar rýnihópar/ kennarar hafa get athugasemdir við þær eftir yfirlestur og samræðu á kennarafundi.
Útbúa skipurit fyrir stjórnskipulag skólans.	Búa til skipurit og setja á heimasíðu skólans.	júní 2021	júní 2021	Skólastjórnendur	Kennarar fara yfir þetta á fyrsta kennarafundi og dæma um uppsetningu skipuritsins

Gera starfsþróunar-/og símenntunaráætlun fyrir skólann.	Skólastjóri gerir starfsþróunar - / símenntunaráætlun fyrir skólann sem tekur mið af þeim áherslum sem lagðar eru í starfi skólans skólárið 2021 - 2022	júní 2021	ágúst 2021	Skólastjórnendur	Kynnt og borið undir kennara á starfsdegi í ágúst 2021
Skólaráð setji sér starfáætlun, birti fundargerðir og haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið.	Skólastjóri setur upp starfáætlun og ber hana undir skólaráð á fyrsta fundi í september. Þar verður ákveðinn tími fyrir morgunverðarfund með foreldrum	júní 2021	september 2021	Skólastjóri	Á síðasta fundi skólaráðs skólaárið 2021 – 2022 verður farið yfir starfáætlunina og hún metin með tilliti til starfáætlunar á næsta skólaári
Skrá ferli og verklag um hvernig niðurstöður skimana, kannana og prófa eru nýttar til framfara.	Skólastjórnendur og sérkennarar kortleggja og setja upp töflu fyrir skimanir, kannanir og próf í skólanum. Setja niður tíma með kennurum þar sem farið er yfir niðurstöður og gerð umbótaáætlun út frá niðurstöðum hverju sinni	september	nóvember 2021	Skólastjórnendur Verkefnastjóri stoðþjónustu og sérkennarar	Verklagið verður kynnt á kennarafundi í september og verkferlið sett á heimasíðu skólans í október 2021
Skrá verklag um hvernig upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra, nemenda og annara hagsmunaaðila.	Kanna hjá persónuverndarfulltrúa hvað leyfilegt er að birta á heimasíðu skólans s.s. niðurstöður úr skólapúlssi og flr. Rætt á fundi með námsmatsteymi í haust	september	október 2021	Skólastjórnendur Námsmatteymi Umsjónarkennari	Tillögur frá námsmatsteymi kynntar og ræddar á kennarafundi í október 2021
Skrá formlega ábyrgðaraðila og framgang þróunarvinnu og birta á heimasíðu.	Sú þróunarvinna sem var í gangi skólaárið 2020 – 2021 var á ábyrgð skólastjóra sem hefur nú látið kennara meta hvað var gott og hvað má betur fara eftir veturinn. Skólastjóri hefur tekið saman niðurstöður og mun birta þær á heimasíðu skólans	júní 2021	ágúst 2021	Skólastjórnendur Ritari	Endurmetið haustið 2021 með því að bera það undir skólaráð, kennara og nemendaráð

Tryggja að á heimasíðu skólans séu réttar og uppfærðar upplýsingar.	Skólastjórnendur uppfæra heimasíðu og lagfæra upplýsingar í lok og byrjun hvers skólaárs	júní 2021 ágúst 2021	desember 2021	Skólastjórnendur	Skoða og ræða á skólaráðsfundi haust 2021
Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.	Kennarar fylla út kennsluáætlun á Námfús sem verður sýnileg nemendum og foreldrum. Stjórnendur funda reglulega með kennurum á stigs og kennarafundum. Stjórnendur fylgjast með kennslu með markvissum hætti – útbúa eyðublað	september 2021	maí 2022	Skólastjórnendur Verkefnastjóri sérkennslu	Apríl/ maí 2022. Farið yfir á síðasta fundi skólaársins og árangur metinn – gerðar tillögur til úrbóta
Skrá upplýsingar um réttindi og skyldur starfsfólks í starfsáætlun.	Skólastjóri skráir þetta um leið og hann vinnur starfsáætlun fyrir skólaárið 2021 – 2022 í júní	maí 2021	ágúst 2021	Skólastjóri	Ágúst 2021 – skólastjórnendur ræða og fara yfir starfsáætlun
Setja fram heilsustefnu fyrir starfsmenn skólans og framfylgja henni.	Skólastjórnendur setja fram heilsustefnu fyrir skólann og kynna hana á fyrsta starfsmannafundi skólaárið 2021 - 2022	ágúst 2021	ágúst 2021	Aðstoðarskólastjóri	Líta yfir farinn veg á síðasta starfsmannafundi skólaársins og meta árangur út frá reynslu og upplifun starfsfólks
Huga að faglegri handleiðslu fyrir starfsfólk.	Skólastjóri ræðir þetta á sameiginlegum skólastjórafundi skólastjórna í Múlaþingi og fræðslustjóra.	ágúst 2021	Maí 2022	Skólastjórnendur/ Sveitafélag	Rætt í starfsþróunarviðtölum vorið 2022

Svið II – Nám og kennsla

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Móta, skrá og birta á heimasíðu námskrár námshópa og námsgreina þar sem fram koma markmið, lykilhæfni, leiðir, viðfangsefni, hæfniviðmið, námsmat og námsaðlögun.	Í vor eru kennarar af stigum að vinna námskrá skólans sem birt verður á heimasíðunni í haust. Í byrjun skólaárs fá kennarar leiðsögn frá stjórnendum um hvernig fylla á út kennsluáætlun fyrir skólaárið hjá hverjum árgangi/ teymi þar sem fram koma markmið og frv.	maí ágúst	ágúst 2021	Skólastjórnendur fylgja þessu eftir en kennarar vinna áætlanir	Endurmetið eftir foreldraviðtöl í nóvember. Þar sem komist verður að því hvort upplýsingarnar eru upplýsandi og skiljanlegar foreldrum og nemendum
Samræma þá þætti sem fram eiga að koma í náms- og kennsluáætlunum námshópa og námsgreina út frá hópanámskrám skólans.	Vinna við hópanámskrá / skólanámskrá hafin í júní 2021 og vinna við kennsluáætlanir námsgreina/ hópa hefst með innlögn á því hvernig allir eigi að vinna slíkar áætlanir	júní ágúst	nóvember 2021	Skólastjóri Skólanámskráhópur	Endurmetið á stigsfundum þar sem farið verður yfir kennsluáætlanir í september, október og nóvember 2021
Móta, skrá og birta á heimasíðu stefnu um sérkennslu, stuðning og námsaðlögun þar sem fram koma markmið, leiðir og framkvæmd.	Unnið á fundi stjórnenda og sérkennara í ágúst – september 2021	ágúst	september	Skólastjórnendur og sérkennarar	Fara yfir á kennarafundi í október og bera undir skólaráð í nóvember. Laga það sem þarf að laga eftir athugasemdir frá

					kennurum og skólaráði
Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum sem tengjast námsgreinum og námshópum í skólanámskrá, námskrám og kennsluáætlunum.	Verður unnið í kjölfar skólanámskrár og kennsluáætlana með stýrihópi um námsmat sem stofnaður verður á fyrsta fundi með kennurum haustið 2021	ágúst 2021	desember 2021	Skólastjóri Stýrihópur um námsmat	Bera undir foreldra og aðra sem mæta á kynningarfund á skólastarfinu 21. september 2021
Rýna niðurstöður samræmdra prófa og Lesferils og leggja fram stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda.	Stýrihópi um námsmat verður falið að skoða þetta um leið og slíkum hópi hefur verið komið á laggirnar í haust	september	desember 2021	Skólastjórnendur, stýrihópur um námsmat.	Fara yfir aðgerðaáætlun stýrihóps á kennarafundi í nóvember 2021
Vinna að því að efla áhuga nemenda á stærðfræði.	Tveir kennarar hafa verið í leiðtoganámi í stærðfræðikennslu í vetur. Í samráði við þær verður lögð fram verkfærakista fyrir kennara þar sem leiðtogarnir safna saman þeim verkfærum sem þeir hafa komið sér upp í leiðtoganáminu. Gert verður skipulag þar sem öllum kennurum ber að prófa ákveðnar nálgunarleiðir í stærðfræðikennslu og segja frá reynslu sinni á kennarafundi	september	maí 2022	Leiðtogar í stærðfræði, skólastjórnendur	Fara yfir námsmat í stærðfræði í vor. Athuga viðhorf nemenda og kennara í haust og aftur í vor gagnvart stærðfræði
Vinna markvisst með lykilhæfni, hæfniviðmið og markmið í námi og kennslu jafnframt því að þjálfa nemendur í að meta eigin framfarir í námi.	Gert er ráð fyrri að kennarar geri grein fyrir hvernig eigi að vinna með þessa þætti í kennsluáætlunum og geti sagt frá því á kynningarfundum með foreldrum og nemendum. Vinna kvarða fyrir nemendur sem þeir geta metið sig og metið eigin framför inni í. Eiga markvisst samræðu við nemendur um markmið og frammistöðu.	september	maí 2022	Umsjónarkennarar Skólastjórnendur	Meta með jöfnum hætti hvort þessir þættir endurspeglir í hverju lotuskipulagi?

Huga þarf að tölvubúnaði, aðstöðu og aðgangi að neti til að upplýsingatæknin verði eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis.	Gerum áætlun um viðhald og viðbætur á tölvubúnaði skólans. Rætt á sameiginlegum fundi skólastjórnenda í Múlaþingi. Erindi inn hjá fjölskylduráði Múlaþings haustið 2021	september 2021	maí 2022	Skólastjórnendur – fræðslustjóri, sveitastjórn.	Staðan tekin í lok skólaárs, hvar stöndum við í tæknimálum eftir veturinn, hvað þarf að bæta?
Gefa nemendum í stigvaxandi mæli tækifæri til að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námstíl.	Með lotuskipulagi og lotutímum hefur verið leitast við að efla þennan þátt hjá nemendum. Í lotutímum sem eru allt að helmingur kennslustunda á mið- og unglíngastigi eiga nemendur að hafa val um námsaðferð og leið	september 2021	september 2021	Skólastjóri Nefnd kennara (3 af hverju stigi) í skipulagi náms	Málið verður rætt á fundi með nemendaráði og metið í desember 2021
Vinna markvisst að því að efla námsvitund nemenda.	Með því að fara yfir skipulag náms með nemendum í byrjun og jafnt og þétt yfir skólaárið, markmið, leiðir, lykilhæfni og hæfniviðmið. Gera nemendum betur ljóst til hvers er ætlast af þeim og gefa þeim val um hvernig þeir vinna verkefnin en jafnframt tryggja að þeir viti til hvers er ætlast t.d. vera með sýniseintök – skýr og skilmerkileg fyriræli. Dæmi um fyrirmyndarverkefni þar sem unnið er með alla þá þætti sem kennarinn ætlast til að unnið sé með samkvæmt matsviðmiðum. Beita leiðsagnarnámi og mati Leggja sömu spurningar fyrir nemendur 1x á önn og sjá hvort vitund og tilfinning nemenda á eigin námi tekur breytingum?	september 2021	maí 2022	Skólastjórnendur	Í lok maí 2022. Bera saman niðurstöður viðhorfsspurninga yfir veturinn

<p>Þjálfa nemendur til að taka þátt í skólaráði og öðrum nefndum á vegum skólans.</p>	<p>Tryggja að fundir séu oft og gera nemendum grein fyrir þeim möguleikum sem felast í því að starfa með lýðræðislegum hætti í þessum ráðum. Hvaða áhrif þau geti haft og hvað þau geti verið öflugur tengiliður fyrir skólasystkini sín.</p> <p>Setja upp málefnalista fyrri fundina og gefa nemendum í þessum ráðum tækifæri til að undirbúa sig s.s. fyrir umræður um umhverfismál, siðferði og flr.</p> <p>Setja upp kynningarplaggöt um skólaráð og nemendaráð og kynna það vel fyrir nemendum á unglingsstigi í haust</p>	september	maí 2022	Skólastjóri	Gera könnun meðal nemenda í haust og aftur í vor um viðhorf og vitneskju þeirra til nemendaráðs og setu nemenda í skólaráði.
<p>Skrá og birta formlegt verklag um hvernig fulltrúar nemenda koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.</p>	<p>Unnið með nemendum á fyrsta skólaráðs og nemendaráðsfundi</p>	september	október	Skólastjóri Nemendaráð Skólaráð	Skoðað í innra mati þar sem heimasíðan verður skoðuð í vor með tilliti til þess að allar upplýsingar sem eiga að vera á heimasíðum séu þar inni

Svið III – Innra mat

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Meta markvisst stefnu skólans og starfshætti með skilgreindum viðmiðum um árangur.	Í maí var stefna skólans rædd á starfsdegi með kennurum. Umræður um gildi og markvissa stefnu. Í haust munum við ræða viðmið um árangur út frá vinnu við skólanámskrá, kennsluáætlanir og markmiðssetningu fyrri skólaárið.	september	október 2021	Skólastjórnendur	Maí 2022
Vinna að formlegri innramatsskýrslu og birta á heimasíðu.	Skólastjórnendur og ritari vinna úr upplýsingum frá skólapúlssi, lesferil, viðhorfskönnun sem lögð var fyrir nemendum á vordögum 2021 og einnig samantekt á vangaveltum og svörum kennara á vordögum varðandi þær breytingar sem unnið var með í vetur.	júní 2021	ágúst 2021	Skólastjóri	Borið undir starfsmenn á starfsmannafundi í desember 2021
Vinna langtímaáætlun um innra mat.	Skólastjóri leggur mat á hvað mikilvægast sé að meta hverju sinni og býr til langtímaplan með útgangspunkt í fyrra langtímaplani skólans um innra mat	júní 2021	júní 2021	Skólastjóri	Borið undir starfsmenn og skólaráð á fyrstu fundum með þeim skólaárið 2021 – 2022
Byggja upp fjölbreyttar gagnaöflunaraðferðir og matstæki.	Ætlum að nota skólapúlssinn, lesferil og aðrar greiningar, samræmd próf, gera litlar viðhorfskannanir meðal foreldra á kynningarkvöldum og í foreldrasamtölunum sem eru 2x á ári með formlegum hætti. Leggja litla spurningalista fyrir nemendur með afmörkuðum efnisþáttum s.s. hvernig	september	maí 2022	Skólastjórnendur Ritari Kennarar Nemendaráð	Maí 2022 á fundum þar sem starfsfólk kemur saman og gerir upp skólaárið

	þau vinni með lykilþættina í afmörkuðum lotuverkefnum og fl.				
Nýta og skrá markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum og viðmiðum um árangur.	Unnið á fundi stjórnenda og sérkennara í ágúst – september 2021	ágúst 2021	september 2021	Skólastjóri Sérkennarar	Fara yfir á kennarafundi í október og bera undir skólaráð í nóvember. Laga það sem þarf að laga eftir athugasemdir frá kennurum og sérkennurum
Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annars starfsfólks, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.	Matsteymið verður sett saman í byrjun skólaárs þar sem verkefni slíks teymis verða kynnt á kynningarfundum fyrir foreldra 21. september. Búið verður að óska eftir fulltrúum úr upptöldum hópum til þátttöku í teyminu	september 2021	september 2021	Skólastjóri	Apríl 2022 – metum það sem gert hefur verið í vetur á sameiginlegum fundum teymisins – skólastjóri gerir umbótaáætlun í kjölfar fundar
Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.	Gert ráð fyrir í fundarplani skólaráðs fyrir skólaárið að hausti	september 2021	október 2021	Skólastjóri	Maí 2022 á lokafundi með skólaráði.
Vinna umbótaáætlun þar sem fram koma markmið, verkefni, tímasetningar, ábyrgðaraðilar,	Skólastjóri hefur hafið þá vinnu í júní 2021	júní 2021	maí 2022	Skólastjóri	Maí 2022 á lokafundi með skólaráði og einnig á lokafundi með kennurum

Þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.					
Vinna árlega greinagerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.	Stýrihópur um innra mat mun fara yfir þetta í vor	september	maí 2022	Stýrihópur um innra mat	Maí 2022 á lokafundi með skólaráði og einnig á lokafundi með kennurum.